

**Alþingi**  
**Erindi nr. P 141/1743**  
**komudagur 24.2.2013**

23. febrúar 2013

Atvinnuveganefnd Alþingis

Kristján L. Möller formaður

Lilja Rafney Magnúsdóttir varaformaður

*Efni: Umsögn Landssambands smábátæigenda (LS) um frumvarp til laga um strandveiðar, 219. mál.*

LS lýsir miklum vonbrigðum með framkomið frumvarp. LS hefur um langan tíma vonast til þess að fram kæmu breytingar á fyrirkomulagi strandveiðanna sem gerðu þær í senn frjálsari og hefðu lítil sem engin áhrif á aflahlutdeildir annarra.

Það tækifæri sem LS taldi að fyrir hendi væri, miðað við þær yfirlýsingar sem er að finna í samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar, er að engu að verða. Umrætt frumvarp er vegferð í þveröfuga átt.

Frumvarpið er annað stóra skrefið í því að kvótasetja strandveiðiflotann. Fyrsta skrefið var stigið strax í upphafi, árið 2009, þegar fastsett var ákveðin heildartonnatala. Í 6. grein frumvarpsins stendur:

*„ Þeim afla sem ráðstafað er til strandveiða skal við útgáfu strandveiðileyfa skipt jafnt á milli allra fiskiskipa sem fá útgæfið strandveiðileyfi og uppfylla skilyrði laga þessara.“*

Með þessari breytingu er hver og einn bátur kominn með einstaklingsbundinn kvóta, þó að möguleikar til að höndla með hann séu ekki fyrir hendi. Enginn vafi leikur á því að verðmyndun strandveiðibáta mun umsvifalaust taka mið af því magni sem hver og einn fær í sinn hlut.

Í 2. grein frumvarpsins eru orðskýringar (2. töluliður) sem segja allt sem segja þarf um þetta:

*„Aflamark: Heimild til að veiða tiltekið magn af afla mælt í kílógrömmum innan fiskveiðiárs eða annars tímabils...“*

LS leggur eindregið til að frumvarpið verði dregið til baka. Það gengur þvert gegn þeim megin markmiðum sem lagt var upp með árið 2009, t.d. um nýliðun.

Að lokum vill LS lýsa furðu sinni á því að ekkert samráð eða samband var haft við félagið við samningu þessa frumvarps. Innan LS eru langflestir þeirra sem stunda strandveiðar við landið ásamt því að innan þess er áratuga reynsla af hliðstæðum fyrirætlunum stjórnvalda. Ferlið er þeim mun undarlegra í ljósi þess að núverandi stjórnvöld vilja kenna sig við gegnsæi og samráð.

Virðingarfyllt

Arthur Bogason

Formaður Landssambands smábátæigenda